

67

19. júní

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2% af fasteignaverði landa og lóða og 1% af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

68

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistryk.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

68

19. júní

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $\frac{2}{3}$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr rikissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan. Ennfremur er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum heimilt að bæta við árlegt úthlutunarfé allt að jafnmikilli upphæð úr bæjar- eða sveitarsjóði og til úthlutunar kemur af framlagi rikissjóðs.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.